

MANNAUÐSSTJÓRNUN (6 ECTS einingar)

- haustið 2009 –einnig í fjarkennslu

Námið er ætlað öllum sem hafa mannaforráð.

Lýsing: Mannauðsstjórnun. Farið verður yfir þróun mannaúts- og starfsmannastjórnunar. Fjallað verður um hlutverk starfsmannadeilda, starfsmannastefnu og starfsmannaáætlanir. Einnig verður farið yfir starfsgreiningu og starfsmat eins og það birtist á Íslandi. Fjallað verður sérstaklega um ráðningaferilinn, hvernig best er að standa að móttöku nýliða, þjálfun þeirra og fræðslu. Þá verður farið yfir helstu aðferðir við frammistöðumat og starfsmannaviðtöl. Skoðuð verða launakerfi og uppbygging umbunakerfa. Aðferðir við að takast á við agamál kynntar, stuttlega fjallað um vinnurétt, stéttarfélög og áhrif þeirra á starfsmannamál. Einnig verður fjallað um alþjóðlega mannaútsstjórnun og vaxandi áhrif hennar á íslenskt atvinnulíf.

Námsmarkmið: Að nemendur þekki grundvallaratriði hefðbundinnar starfsmannastjórnunar og mannaútsstjórnunar og geti greint þar á milli.

Að nemendur hafi þekkingu á mismunandi aðferðum sem notaðar eru við starfsmanna- og mannaútsstjórnun og geti valið viðeigandi aðferðir með tilliti til aðstæðna við mismunandi verkþætti.

Námsefni: Derek Torrington, Laura Hall og Stephen Taylor: Human Resource Management, 7. útgáfa, Prentice Hall, 2008, ásamt völdum köflum úr bókinni: Human Resource Management eftir Gary Dessler, gefin út 2005 af Pearson Education International.

Námsmat: Skriflegt próf 40%, verkefni 60%.

Þátttakendur sem standast námskeiðið fá skírteini því til staðfestingar þar sem fram kemur einkunn og einingafjöldi. Einnig er mögulegt að sitja námskeiðið án þess að þreyta próf og fá staðfesta þátttöku.

Námstilhögun: Námið er 36 kennslustundir. Kennt verður á þriðjudögum kl.16:15-18:50 í 12 vikur, frá og með 8. september til 24. nóvember 2009. Kennt verður frá Háskólanum á Akureyri til fjarstaða þar sem eru amk. þrír nemendur. Við upphaf náms fá nemendur aðgang að innraneti háskólans og nálgast þar námsefni og eiga samskipti við kennara.

Umsjónarkennari: Jónína Guðmundsdóttir, aðjúnkt við Háskólann á Akureyri og sérfræðingur hjá Capacent.

Aðrir kennarar: Sérfræðingar úr atvinnulífi og aðrir gestakennarar.